

Nd.

167. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á tollskrárlögunum í 3. gr. þeirra er gerð þessi breyting:

Aftan við 41. lið 3. gr., eins og sá liður er samkvæmt 2. gr. laga nr. 11 24. apríl 1965, komi nýr liður, svo hljóðandi:

42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunnarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um að hún nái ekki til ákveðinna vörflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og alkunna er, hefur það tíðkæpt um mörg undanfarin ár, að farmenn og farþegar, sem koma til landsins frá útlöndum, hefðu meðferðis ýmsan varning, sem lögum samkvæmt er tollskyldur, án þess að tollgjöld hafi verið innheimt. Engar reglur hafa verið til um slíkan innflutning, til stórbaga fyrir tollgæzlumenn við framkvæmd starfa sinna. Var því ákveðið að setja fastar reglur um þennan innflutning, og kom þá í ljós, að engin ákveðin heimild er í lögum, sem heimili að undanþiggja vörur þessar tollgjöldum. Er ætlunin að fá úr þessum annmarka bætt með frv. þessu. Jafnframt því, að varningur, sem til landsins kemur á þennan hátt, verður, að vissu hámarki fyrir hvern farmann eða farþega, gerður tollfrjáls, er einnig gert ráð fyrir, að sérstakar innflutningstakmarkanir eða innflutningsbönn í sérlögum verði innflutningi þessum ekki til hindrunar, nema innflutningstakmarkanir, sem eiga rót sína að rekja til öryggisráðstafana, svo sem sóttvarna. Gert er ráð fyrir, að heimild þessi nái eingöngu til muna, sem eru ætlaðir til persónulegra nota viðkomandi ferðamanns eða til smærri gjafa, og þannig ekki til varnings, sem er ætlaður til sölu.